

211. KIRKJURÁÐSFUNDUR

MÍÐVIKUDAGINN 11. DESEMBER 2013

haldinn á Biskupsstofu, Reykjavík

FUNDARGERÐ

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
2. Kirkjuþing 2013
 - Ályktanir kirkjuþings 2013
3. Fasteignir
 - Kauptilboð í Holt undir Eyjafjöllum
4. Fjármál
 - Fjárhagsáætlun 2014 - seinni umræða
5. Skálholt
6. Skipun fulltrúa Þjóðkirkjunnar í viðræðunefnd um samkomulag um kirkjujarðir og launagreiðslur presta
7. Önnur mál
 - a) Messugjörðarskýrslur.
 - b) Þjóðmálanefnd. Málefni nefndarinnar verður á dagskrá á næsta fundi kirkjuráðs.

1. FUNDARSETNING, FUNDARGERÐIR SÍÐUSTU FUNDA

Fundurinn hófst kl. 9. Mætt voru auk biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur, kirkjuráðsmennirnir Ásbjörn Jónsson, séra Gísli Gunnarsson, séra Gunnlaugur Stefánsson og Katrín Ásgrímsdóttir.

Magnús E. Kristjánsson, forseti kirkjuþings, sat fundinn þegar málefni kirkjuþings voru til umræðu.

Séra Kristján Valur Ingólfsson, vígslubiskup í Skálholti, sat fundinn þegar málefni Skálholts voru til umræðu.

Fundinn sátu jafnframt Guðmundur Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóri, Sigríður Dögg Geirsdóttir, fjármálastjóri, Sveinbjörg Pálsdóttir, skrifstofu- og mannauðsstjóri og Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Fundurinn hófst á helgistund með starfsfólki Biskupsstofu.

Fundargerðir kirkjuráðsfunda 209 og 210 voru samþykktar.

2. KIRKJUÞING 2013

- *Ályktanir kirkjuþings*

Forseti kirkjuþings gat þess að forsætisnefnd stefndi að því að fundum 50. kirkjuþings 2013 yrði framhaldið föstudaginn 7. mars og laugardaginn 8. mars 2014. Var það kynnt á síðasta fundi kirkjuþingsins.

Kosið verður til kirkjuþings árið 2014. Forseti gat þess að eftir síðustu kosningu til þingsins árið 2010 hefði verið haldið námskeið í fundarsköpum kirkjuþings, fyrir nýja þingfulltrúa og jafnframt farið yfir meginþætti fjármála þjóðkirkjunnar. Æskilegt væri að slíkt námskeið yrði haldið að nýju á næsta ári.

Framkvæmdastjóri lagði fram yfirlit um þau þingmál kirkjuþingsins sem afgreidd voru í nóvembermánuði sl. Jafnframt var farið yfir stöðu annarra mála þingsins, en yfirliti þar um var dreift til þingfulltrúa á síðasta fundi þingsins.

Farið var yfir eftirfarandi ályktanir og samþykktir kirkjuþings 2013:

1. mál, skýrsla kirkjuráðs.

Kirkjuþing 2013 ályktaði eftirfarandi:

- „*Kirkjuþing 2013 mælist til þess að skipuð verði sérstök stjórn yfir Skálholti sem starfar í umboði kirkjuráðs og horft sé til þess að ábyrgð og ákvarðanataka færist í auknum mæli heim í hérað. Kirkjuþing hvetur til þess að fundnar verði nýjar leiðir varðandi rekstur staðarins.*“

Rætt síðar á fundinum undir dagskrárliðnum Skálholt.

- „*Kirkjuþing 2013 telur mikilvægt að í samninganefnd kirkjunnar um*

kirkjujarðasamkomulagið veljist einstaklingar með reynslu af samningagerð og þekkingu á kirkjujarðasamkomulaginu. “

Rætt síðar á fundinum undir 6. dagskrárlið um skipan fulltrúa í samninganefndina.

„Kirkjuþing 2013 er sammála kirkjuþingi unga fólksins um að mikilvægt sé að aftur verði komið á eðlilegu sambandi kirkju og skóla og að mótuð verði framkvæmdaráætlun um það hvernig því verði komið á “.

Kirkjuráð samþykkti að óska eftir því að biskup Íslands semji og kynni drög að framkvæmdaáætlun samkvæmt framanskráðri ályktun kirkjuþings og kynni kirkjuráði á nýju ári.

Tillögur Mennta- og menningarmálaráðuneytisins, um með hvaða hætti skuli staðið að samskiptum skóla og trúfélaga á öllum skólastigum, voru lagðar fram til kynningar.

„Kirkjuþing tekur undir sjónarmið kirkjuþings unga fólksins um að mörkuð verði stefna gegn einelti gagnvart bæði börnum og fullorðnum “.

Í nýsamþykktri fræðslustefnu þjóðkirkjunnar er m.a. fjallað um einelti. Kirkjuráð ákvað að ræða ályktun þessa nánar undir 4. dagskrárlið, fjárhagsáætlun 2014.

Kirkjuþing 2013 bendir á mikilvægi þess að prestsembætti sem losna, ekki síst í fjölmönnum prestaköllum, séu auglýst.

Ályktunin var rædd nánar undir 4. dagskrárlið um fjárhagsáætlun 2014.

2. mál fjármál þjóðkirkjunnar

Kirkjuþing 2013 ályktaði eftirfarandi:

„Kirkjuþing 2013 afgreiðir ársreikninga þjóðkirkjunnar fyrir árið 2012 um einstaka sjóði, stofnanir og viðfangsefni þjóðkirkjunnar athugasemdalaust. Farið hefur verið yfir fyrirliggjandi endurskoðunarskýrslu til kirkjuþings frá Ríkisendurskoðun.

Kirkjuþing staðfestir að reikningshald kirkjulegra embætta, stofnana og sjóða fyrir árið 2012 hafi hlotið fullnægjandi endurskoðun.

Undanfarin ár hefur þjóðkirkjan tekið á sig umtalsverða tekjuskerðingu þar sem greiðslur til kirkjunnar hafa minnkað ár frá ári. Annars vegar er þar um að ræða lögbundin sóknargjöld, félagsgjöld, sem ríkið innheimtir og hins vegar samningsbundnar greiðslur vegna kirkjueigna sem ríkinu voru afhentar með sérstöku samkomulagi frá 1997.

Kirkjujarðasamkomulagið fjallar um afhendingu kirkjujarða til ríkisins á móti skuldbindingu um að greiða laun presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar. Þjóðkirkjan hefur ekki vikist undan ábyrgð og fallist á skerðingu á kirkjujarðasamkomulaginu undanfarin ár. Uppsöfnuð skerðing frá árinu 2010 vegna kirkjujarðasamkomulagsins er um 1,6 milljarður króna.

Sóknargjöldin eru lögbundin félagsgjöld sem ganga til reksturs safnaðanna um land allt. Óumdeilt er að sóknir þjóðkirkjunnar hafa orðið fyrir mun meiri skerðingu en stofnanir innanríkisráðuneytisins. Frá fjárlögum ársins 2008 til 2011 hafa sóknargjöld lækkað sem nemur 25% umfram fjárveitingar til stofnana innanríkisráðuneytisins, samanber skýrslu nefndar innanríkisráðherra til að meta áhrif niðurskurðar fjárveitinga á starfsemi þjóðkirkjunnar. Ríkið hefur nú viðurkennt þetta misræmi og hyggst bæta skerðingu sóknargjalda undanfarinna ára að hluta með tímabundnu viðbótarframlagi. Engu að síður vantar mikið uppá að sóknargjöldin séu í samræmi við lög nr. 91/1987. Uppsöfnuð skerðing vegna sóknargjaldanna á árunum 2008 – 2013 er um 2,6 milljarðar króna.

Þjóðkirkjan og söfnuðir hennar hafa því orðið fyrir tekjuskerðingu er nemur í heild um 4,2 milljörðum króna á síðastliðnum fimm árum og getur það ekki haldið áfram óbreytt.

Innanríkisráðherra hefur skipað nefnd um sóknargjöld. Kirkjuþing 2013 treystir því að úr því starfi komi ásættanlegur samningur við ríkið um framtíðarskipan og innheimtu sóknargjalda sem eru félagsgjöld. Einnig að fyrirhugaðar viðræður ríkis og kirkju um endurskoðun 3. greinar kirkjujarðasamkomulagsins leiði til þess að staðið verði að fullu við kirkjujarðasamkomulagið.

Í nefndarátliti fjárhagsnefndar kirkjuþings, við 2. mál segir m.a:

„Fjárhagsnefnd beinir því til kirkjuráðs og biskups Íslands að áfram verði unnið að eftirfarandi atriðum:

- 1. Innanríkisráðherra hefur skipað nefnd um sóknargjöld. Fjárhagsnefnd kirkjuþings 2013 treystir því að úr því starfi komi ásættanlegur samningur við ríkið um framtíðarskipan og innheimtu sóknargjalda, sem eru félagsgjöld.*
- 2. Að fyrirhugaðar viðræður ríkis og kirkju um endurskoðun 3. greinar kirkjujarðasamkomulagsins leiði til þess að staðið verði að fullu við kirkjujarðasamkomulagið.*
- 3. Að haldið verði áfram að einfalda sjóðakerfi kirkjunnar og gera það gegnsærra. Eigi að síður verður að gæta þess að sögulegum grundvelli og hlutverki sjóðanna samkvæmt lögum sé haldið til haga.*
- 4. Að framsetning fjárlaga verði þannig að skýrt sé að greiðslur til þjóðkirkjunnar séu annars vegar á grundvelli kirkjujarðasamkomulags og hins vegar samkvæmt lögum um sóknargjöld.*
- 5. Að áfram verði miðlað ráðgjöf til sókna þjóðkirkjunnar á vegum Biskupsstofu og að leitað verði leiða til að efla fjárhagslegt eftirlit með þeim. Sóknir og prófastsdæmi eru hvött til að sameinast um verkefni eins og aðstæður leyfa til hagræðis og sparnaðar t.d. í reikningshaldi, sameiginlegum útboðum og innkaupum.*
- 6. Að mörkuð verði sú stefna að sérþjónustuprestar verði kostaðir af tekjum Kirkjumálasjóðs. Nú liggur fyrir þriggja ára fjárhagsáætlun og miðað við núverandi aðstæður og skipulag næst jafnvægi í fjármálum þjóðkirkjunnar árið 2017. Nefndin vekur athygli á því að 90% af útgjöldum vegna kirkjujarðasamkomulagsins er launakostnaður, því er svigrúm til sparnaðar þröngt nema gripið verði til uppsagna.*
- 7. Að áfram verði leitað leiða til að styrkja fjárhagsgrundvöll Skálholts meðal annars með útleigu á gisti- og veitingarekstri, þar sem ákveðin tímabil eru ætluð til kirkjustarfs“.*

7. mál, starfsreglur um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr 1026/2007.

Kirkjuþing samþykkti að Hríseyjarprestakall, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi skyldi lagt niður og öðlast sú sameining gildi 1. júlí 2014.

Biskup upplýsti í því sambandi að þegar hafi verið send út beiðni um umsagnir um tillögu að breyttri prestakallaskipan á svæðinu þess efnis að prestaköllin þrjú, Hrísaeyjarprestakall, Möðruvallaprestakall og Dalvíkurprestakall sameinist í eitt, sem þjónað verði af sóknarpresti, sem hafi búsetu á Dalvík og prest, sem búi á Möðruvöllum.

12. mál, þingsályktun um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997.

Kirkjuþing 2013 samþykkti svohljóðandi ályktun:

„Kirkjuþing 2013 beinir þeim tilmælum til innanríkisráðherra að hann flytji eftirfarandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, sbr. 2. mgr. 23. gr. laganna.“

Ályktunin hefur þegar verið send innanríkisráðherra. Á fundi samstarfsnefndar Alþingis og þjóðkirkjunnar sem fór fram í gær, kynnti kirkjuráð málið fyrir fulltrúum stjórnsmálaflokkanna.

15. mál, um fræðslustefnu þjóðkirkjunnar.

Kirkjuþing 2013 samþykkti endurskoðaða fræðslustefnu þjóðkirkjunnar.

Biskup Íslands mun kynna fræðslustefnuna og hrinda henni í framkvæmd.

17. mál, um kyrrðarstarf.

Kirkjuþing 2013 samþykkti að skipa þriggja manna nefnd, sem skila skal tillögum sínum, um eflingu kyrrðarstarfs, til biskups Íslands.

18. mál, um kaup og sölu fasteigna.

Kirkjuþing heimilaði sölu tiltekinna fasteigna. Kirkjuráð mun meta síðar hvaða fasteignir kunna að verða seldar.

21. og 22. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um þingsköp kirkjuþings.

Kirkjuþing 2013 samþykkti starfsreglur samkvæmt ofanskráðu þar sem m.a er heimilað að fresta þingfundum í allt að sex mánuði, styttri fresti til að leggja fram þingmál og um afnám skyldu til að kynna þingmál á þingmálafundi og um varamenn.

23. mál, um breytingu á starfsreglum um kirkjuþing unga fólksins.

Kirkjuþing 2013 samþykkti starfsreglur samkvæmt ofanskráðu sem einkum fela í sér breytingu á málsmeðferð þingmála.

24. mál, um breytingu á siðareglum vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar.

Kirkjuráð lítur svo á að biskup Íslands beri ábyrgð á kynningu og framkvæmd á málinu.

25. mál, um prestsþjónustu fyrir Íslendinga í Danmörku og Svíþjóð.

Kirkjuþing 2013 samþykkti svofellda ályktun:

„Kirkjuþing 2013 samþykkir að stofnuð verði þriggja manna nefnd til að afla tengsla og upplýsinga um hvernig megi efla kirkjustarf og auka prestsþjónustu fyrir Íslendinga í Danmörku og í Svíþjóð. Nefndin verði skipuð af kirkjuráði og skili tillögum til kirkjuráðs í janúar svo hægt verði að leggja þær fyrir vorfund kirkjuþings 2014.“

Kirkjuráð samþykkti að skipa í nefndina séra Gísla Gunnarsson, kirkjuráðsmann, sem jafnframt er formaður nefndarinnar, sr. Birgi Ásgeirsson, prófast í Reykjavíkúrprófastsdæmi vestra og Sigurjónu Sigurðardóttur, fv. formann safnaðarstjórnar í Kaupmannahöfn.

30. mál, um skipan nefndar til að vinna tillögur um fjármál og rekstur.

Kirkjuþing 2013 samþykkti svofellda ályktun:

„Kirkjuráð og starfsfólk Biskupsstofu hafa sinnt vel hlutverki sínu að mæta fordæmislausum aðstæðum í rekstri þjóðkirkjunnar á tímum mikils samdráttar í tekjum.

Fjárhagsnefnd telur rétt að kirkjuþing skipi þriggja manna vinnuhóp er meti árangur og leiti nýrra leiða til þess að ná jafnvægi í fjármálum þjóðkirkjunnar. Niðurstöður hópsins verða lagðar fyrir kirkjuráð sem leggur á það endanlegt mat hvort þeim verði fylgt að fengnu samþykki kirkjuþings á vorþingi 2014.

Kirkjuráð veitir nefndinni alla þjónustu og fjármuni til þess að sinna starfi sínu.“ Kirkjuþing hefur þegar kosið í nefndina.

31. mál, um mótun gæðastefnu þjóðkirkjunnar.

Kirkjuþing 2013 samþykkti svofellda ályktun:

„Kirkjuþing 2013 samþykkir að fela kirkjuráði að sjá til þess að mótuð verði gæðastefna þjóðkirkjunnar og að unnið verði samkvæmt henni“.

Kirkjuráð samþykkti að fela kirkjustarfshópi kirkjuráðs að vinna með flutningsmönnum tillögunnar að tillögu til kirkjuráðs um mótun gæðastefnu þjóðkirkjunnar.

32. mál, um viðaukasamning við Samkomulag íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997.

Kirkjuþing 2013 samþykkti svofellda ályktun:

„Kirkjuþing samþykkir viðaukasamning frá 1. janúar 2014 við Samkomulag íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997. Jafnframt samþykkir kirkjuþing 2013 nauðsynlegar breytingar á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 til að viðaukasamningurinn nái fram að ganga. Þær breytingar gildi sama tíma og viðaukasamningurinn“.

Framkvæmdastjóri kynnti stöðu annarra þingmála.

Forseti kirkjuþings kynnti beiðni frá Allsherjarnefnd kirkjuþings um að, kirkjuráð, veiti nefndinni fjárheimild til að halda áfram að undirbúa 4. mál kirkjuþings, um þjónustu kirkjunnar, til síðari umræðu á kirkjuþingi í mars. Fjárhagslegur kostnaður er væntanlega 3-4 fundir ásamt ferðakostnaði. Fjármálastjóri minnti á að í fjárhagsáætlun vegna ársins 2014, er gert ráð fyrir að nefndir kirkjuþings fái 400 þ.kr. hver nefnd til að standa straum af kostnaði við nefndarstörf á komandi ári.

3. FASTEIGNIR

- Kauptilboð í Holt undir Eyjafjöllum.

Framkvæmdastjóri lagði fram til kynningar kauptilboð Halldórs Gunnarssonar f.h. Víkurdranga ehf., í Holt undir Eyjafjöllum, en hann er leigutaki jarðarinnar. Upplýst var, í því sambandi, að sala Kálfafellsstaðar, Suðursveit, hefur ekki náð fram að ganga m.a. vegna skiptra skoðana um réttindi yfir hluta jarðarinnar. Gert var ráð fyrir sölu í fjárhagsáætlun yfirstandandi árs.

Því telur kirkjuráð rétt að samþykkja nú sölu Holts og samþykkti að fela framkvæmdastjóra að vinna áfram í málinu.

4. FJÁRMÁL

- Fjárhagsáætlun 2014 - seinni umræða

Ársreikningur Hins almenna kirkjusjóðs 2012 lagður fram til kynningar.

Ríkisendurskoðun hefur beint þeim tilmælum til kirkjuráðs að Hinn almenni kirkjusjóður verði annað hvort leystur upp eða honum fundið nýtt hlutverk með lagabreytingu.

Kirkjuráð samþykkti, til að mæta tilmælunum, að færa úr Hinum almenna kirkjusjóði 24.2 m.kr. yfir í Kirkjumálasjóð og hefja undirbúning að lagabreytingu í samræmi við framangreint.

Kirkjuráð samþykkti að fela biskupi Íslands afgreiðslu á umsóknum í Kynningarfræðslu og útgáfusjóð vegna ársins 2014. Til úthlutunar er 1 m.kr.

Fjárhagsáætlun Kirkjumálasjóðs 2014	Samþykkt 2014
Áætlaður tekjuhalli	-16.850.000
TEKJUR	531.300.000
Fjárveiting á fjárlögum	379.300.000
Kirkjumálasjóður skv. lögum nr. 138/1993	247.400.000
Kristnisjóður skv. lögum nr. 35/1970	73.100.000
Stofnkostnaðar í Skálholti	10.000.000
15% af tekjum Jöfnunarsjóðs sókna	48.800.000
Hinn almenni kirkjusjóður	24.200.000
Leigutekjur	74.100.000
Aðrar tekjur	32.700.000
Vaxtatekjur	1.000.000
Hagnaður af eignasölu	20.000.000
GJÖLD	548.150.000
Kirkjumálasjóður	
Kirkjumálasjóður - framlög	119.500.000
Styrkur til Tónskólans	18.000.000
Styrkur til Biskupsstofu vegna hagræðingarkröfu	39.000.000
Framlag til Biskupsstofu - ígildi eignasölu	60.000.000
Hraungerðiskirkjugarður vegna arfleiðsluskrár	2.500.000
Kirkjuþing	21.200.000
Kirkjuþing - almennur rekstur	18.500.000
Kirkjuþing - forsætisnefnd	400.000
Kirkjuþing - allsherjarnefnd	400.000
Kirkjuþing - fjárhagsnefnd	400.000
Kirkjuþing - laganevnd	400.000
Kirkjuþing - kirkjuþing unga fólksins	600.000
Kirkjuþing - þingmálafundir	500.000

Kirkjuráð	16.500.000
Kirkjuráð - almennur rekstur	14.400.000
Kirkjuráð - kirkjustarfshópur	700.000
Kirkjuráð - fjármálahópur	700.000
Kirkjuráð - lagahópur	700.000
Biskup Íslands - rekstrarkostnaður	21.200.000
Biskup Íslands - biskup Íslands - rekstrarkostnaður	4.200.000
Biskup Íslands - vígslubiskup í Skálholti – rekstrarkostnaður	2.000.000
Biskup Íslands - vígslubiskup á Hólum – rekstrarkostnaður	2.000.000
Biskup Íslands - biskupafundur	500.000
Biskup Íslands - prófastafundur	600.000
Biskup Íslands - prestastefna	11.500.000
Biskup Íslands - leikmannastefna	400.000
Þjónusta við söfnuði - verkefni	17.000.000
Fræðsla	4.000.000
Kærleiksþjónusta	500.000
Samkirkjumál	7.500.000
Fjölskylduþjónusta kirkjunnar	3.000.000
Samskiptamál	2.000.000
Skrifstofa og mannauður	155.800.000
Skrifstofa og mannauður - launakostnaður 13,7 stöðugildi	113.500.000
Skrifstofa og mannauður - almennur rekstur	37.800.000
Skrifstofa og mannauður - lífeyrishækkanir	1.600.000
Skrifstofa og mannauður - bóka- og skjalasafn	200.000
Skrifstofa og mannauður - endurmenntun og starfsþróun	1.000.000
Skrifstofa og mannauður - starfsþjálfun prestsefna	350.000
Skrifstofa og mannauður - starfsþjálfun djáknaefna	350.000
Skrifstofa og mannauður - framlag til starfsmannafélags	1.000.000
Stjórnsýsla	3.800.000
Stjórnsýsla - upplýsingatækni - aðgangur að þjóðskrá	1.800.000
Stjórnsýsla - upplýsingatækni félagatal þjóðkirkjunnar	1.000.000
Stjórnsýsla - Fjölís	1.000.000
Kirkjumálasjóður - fasteignir og vaxtakostnaður	131.400.000
Fasteignir alls	115.400.000
Vaxtakostnaður	16.000.000
Kristnisjóður - styrkir	50.300.000
Helgihald og kirkjutónlist - styrkir	1.000.000
Kirkjulistahátíð Hallgrímskirkju	1.000.000
Fræðslumál - styrkir	31.600.000
Samningur við Guðfræði- og trúarbragðadeild	3.000.000
Héraðssjóður Húnavatns- og Skagafjarðarpróf. - æskulýðsfulltrúi	800.000
Kirkjumiðstöðin Holti	700.000
Kirkjumiðstöðin Reykholti	700.000
Fræðslusjóður Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmis	250.000
Kirkjumiðstöð Austurlands, rekstur	3.000.000
Skálholt - rekstrarkostnaður	7.000.000

Kirkjumiðstöð Vestmannsvatn, rekstur/viðhald	700.000
Löngumýri í Skagafirði rekstrarkostnaður	6.500.000
Skógarmenn KFUM	200.000
Æskulýðssamband Þjóðkirkjunnar Landsmót	1.000.000
Æskulýðssamband Þjóðkirkjunnar rekstur	5.500.000
Kvennaathvarfið	250.000
Daginn í dag	2.000.000
Kærleikspjónusta, hjálparstarf og boðun - styrkir	12.800.000
Kirkja heyrnalausra	300.000
Hjálparstarf kirkjunnar	10.000.000
Samband íslenskra kristniboðsfélaga	2.000.000
Kirkja heyrnalausra - túlkaj. F.prest heyrnarl.	300.000
Heyrnarhjálp - rittúlkun við kirkjulegar athafnir	100.000
Samskiptamiðstöð heyrnalausra	100.000
Menning - styrkir	3.500.000
Guðbrandsstofnun á Hólum	1.500.000
Kirkjur Íslands (samningur)	1.500.000
Rannsókn á altarisdúkum í íslenskum kirkjum	200.000
Síðfræðistofnun (samningur)	300.000
Prests- og djáknaþjónusta - styrkir	1.400.000
Djáknafélag Íslands Norrænt djáknaþing	300.000
Kvennakirkjan	200.000
Samstarfsverkefni Laugarnesk. og Biskupsst. Djáknastaða	900.000
Kristnisjóður - nefndastarf	7.950.000
Ráðstöfunarfé biskups - styrkir	3.500.000

Kirkjuráð samþykkti að nefndir kirkjunnar sem þiggja þóknun úr Kristnisjóði ber að skila inn starfs- og fjárhagsáætlun fyrir 1. febrúar 2014.

Kirkjuráð samþykkti fjárhagsáætlun vegna reksturs vígslubiskupsembættis í Skálholti að upphæð 2 m.kr. og vegna reksturs vígslubiskupsembættis á Hólum að upphæð 2 m.kr. Fyrirkomulag á greiðslu embættiskostnaðar vígslubiskupsembættanna verður greitt samkvæmt innsendum reikningum, innan samþykktis fjárhagsramma.

Kirkjuráð samþykkti að gengið verði frá fjárhagsáætlun vegna Skálholts fyrir árið 2014 á fundi kirkjuráðs í mars. Fram að því verður rekstur með svipuðum hætti eins og verið hefur.

Kirkjuráð samþykkti að laun ritara vígslubiskups á Hólum skuli færast undir skrifstofu- og mannauðssviði.

Fjárhagsrammi samkirkjumála er vegna aðildargjalda 2014 og ferðakostnaðar, að meðtöldum ógreiddum aðildargjöldum Lútherska heimssambandsins vegna ársins 2013.

Rekstrarstyrkur til Æskulýðssambands þjóðkirkjunnar 2014 felur í sér styrk vegna Landsmóts 2014.

Fjárhagsáætlun Jöfnunarsjóðs sókna 2014	2014
í milljónum króna	
Áætlaður tekjuafgangur í varasjóð	18,3
Tekjur	325,1
Framlag til Jöfnunarsjóðs - áætlun	320,1
Vaxtatekjur - fjármagnstekjuskattur	5,0
Gjöld	306,8
Framlög til sókna	200,0
Framlag til Kirkjumálasjóðs 15% af tekjum	48,8
Kostnaðarhlutdeild til Kirkjumálasjóðs 5% af tekjum	16,0
Framlag til Kirkjumálasjóðs vegna verkefna Jöfnunarsjóðs sókna	10,0
Til Bisk. v. hagræðingarkröfu ríkisins	32,0

Jöfnunarsjóður sókna 2014	Samþykkt
Prófastsdæmi/sóknir	44.000.000
Höfuðkirkjur	44.000.000
Dómkirkjan í Reykjavík	3.500.000
Hóladómkirkja	7.500.000
Skálholt	11.000.000
Hallgrímskirkja í Reykjavík	20.000.000
Hallgrímskirkja í Saurbæ	2.000.000
Suðurprófastsdæmi	15.300.000
Bjarnanessókn	750.000
Hafnarsókn	500.000
Skeiðflatarsókn	500.000
Akureyjarsókn	750.000
Oddasókn	7.500.000
Þykkvabæjarsókn	500.000
Marteinstungusókn	800.000
Ofanleitissókn	500.000
Eyrarbakkasókn	2.500.000
Hraungerðissókn	500.000
Hveragerðissókn	100.000
Minningarkapella Jóns Steingrímssonar	400.000
Kjalarnesprófastsdæmi	9.250.000
Grindavíkursókn	500.000
Hvalnessókn	500.000
Keflavíkursókn	3.000.000

Kirkjuvogssókn	3.000.000
Víðistaðasókn	500.000
Bessastaðasókn	750.000
Brautarholtssókn	1.000.000
Reykjavíkurrófastsdæmi eystra	21.500.000
Kársnessókn	4.500.000
Lindasókn	12.000.000
Breiðholtssókn	1.000.000
Grafarvogssókn	4.000.000
Reykjavíkurrófastsdæmi vestra	14.000.000
Seltjarnarnessókn	2.500.000
Laugarnessókn	1.500.000
Ássókn	1.000.000
Langholtssókn	3.000.000
Grensássókn	5.000.000
Bústaðasókn	1.000.000
Vesturlandsrófastsdæmi	13.050.000
Reykholtssókn	5.600.000
Gilsbakkasókn	250.000
Stafholtssókn	1.000.000
Borgarnessókn	3.500.000
Akrasókn	300.000
Hellnasókn	200.000
Setbergssókn	1.000.000
Helgafellsókn	500.000
Stykkishólmsókn	200.000
Ólafsvíkursókn	500.000
Vestfjarðarófastsdæmi	14.200.000
Þingeyrarsókn	2.300.000
Hólssókn	4.500.000
Árnessókn	200.000
Skarðssókn	100.000
Breiðuvíkursókn	200.000
Patreksfjarðarsókn	1.000.000
Stóra -Laugardalssókn	5.900.000
Húnavatns- og Skagafjarðarófastsdæmi	9.600.000
Melstaðarsókn	1.500.000
Staðarsókn	250.000
Hvammstangasókn	500.000
Blönduóssókn	800.000
Höfðasókn	550.000
Bólstaðarhlíðarsókn	150.000
Sauðárkrókssókn	500.000
Reynistaðarsókn	500.000

Glaumbæjarsókn	350.000
Rípursókn	1.200.000
Miklabæjarsókn	500.000
Flugumýrarsókn	250.000
Hofsstaðasókn	300.000
Hofssókn	500.000
Hofsóssókn	750.000
Barðsókn	500.000
Viðvíkursókn	500.000
Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi	16.300.000
Siglufjarðarsókn	2.000.000
Ólafsfjarðarsókn	3.100.000
Upsasókn	1.000.000
Vallasókn	300.000
Hríseyjarsókn	700.000
Möðruvallaklausturssókn	800.000
Grundarsókn	300.000
Ljósavatnssókn	800.000
Skútustaðasókn	200.000
Víðirhólssókn	500.000
Grenjaðarstaðarsókn	100.000
Nessókn	200.000
Þóroddsstaðarsókn	600.000
Húsavíkursókn	1.000.000
Raufarhafnarsókn	1.000.000
Þórshafnarsókn	3.700.000
Austurlandsprófastsdæmi	14.550.000
Skeggjastaðasókn	200.000
Vopnafjarðarsókn	1.000.000
Hofssókn	200.000
Eiríksstaðasókn	100.000
Hofteigssókn	100.000
Valbjófsstaðarsókn	100.000
Ássókn	800.000
Kirkjubæjarsókn	250.000
Eiðasókn	1.000.000
Hjaltastaðarsókn	500.000
Egilsstaðasókn	500.000
Eskifjarðarsókn	3.600.000
Reyðarfjarðarsókn	2.500.000
Kolfreyjustaðarsókn	750.000
Stöðvarfjarðarsókn	1.200.000
Heydalasókn	750.000
Djúpavogssókn	1.000.000
Sóknir og höfuðkirkjur alls	171.750.000

Íslenski söfnuðurinn í Kaupmannahöfn	700.000
Íslenski söfnuðurinn í Gautaborg	700.000
Íslenski söfnuðurinn í London	700.000
Íslenska Kirkjan í Luxembourg	400.000
Stuðningur við söfnuði erlendis	2.500.000
Ófyrirséð	25.750.000
Samtals	200.000.000

Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálahópi kirkjuráðs að skoða nánar, með fulltrúum Hallgrímssóknar í Reykjavík, fjármögnun á viðgerðum á turni kirkjunnar.

Kirkjuráð samþykkti að endurnýja samning vegna minningarkapellu Jóns Steingrímssonar í samráði við ríkið, sem fer með eignarhald á kapellunni.

Kirkjuráð samþykkti að greiða Kirkjuvogssókn framlag 2014 fyrir árslok 2013.

Kirkjuráð samþykkti að veita Bessastaðasókn, framlag úr Jöfnunarsjóði til undirbúnings á kaupum sóknarinnar á húsnaði undir safnaðarstarf. Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálahópi kirkjuráðs viðræður við fulltrúa sóknarinnar.

Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálahópi viðræður við fulltrúa Brautarholtssóknar, um tillögu sóknarinnar að byggingu þjónustuhúss við kirkjuna.

Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálahópi viðræður við fulltrúa Patreksfjarðarsóknar, vegna endurbóta á safnaðarheimili sóknarinnar.

Kirkjuráð samþykkti að veita úr Jöfnunarsjóði sókna 500 þ.kr. til Þorgeirskirkju, til að halda kirkjunni opinni yfir sumartímann, og 300 þ.kr. til Ljósavatnssóknar.

Kirkjuráð samþykkti að veita Stöðvarfjarðarsókn, úr Jöfnunarsjóði sókna, 900 þ.kr. vegna skuldar við kirkjugarðinn og 300 þ.kr. til safnaðarstarfs.

Skýr.	Fjárhagsáætlun Biskupsstofu 2014 í milljónum króna	Reiknilíkan 2014 samkvæmt samningi	Fjárlaga- frumvarp 2014	Fjárhags- áætlun 2014
1	Prestar	1.334,0	1.056,7	1.209,2
	Biskup Íslands	15,8	12,5	15,8
	Vígslubiskup í Skálholti	13,0	10,3	13,0
	Vígslubiskup á Hólum	12,3	9,7	12,3
2	Prófastar	36,9	29,3	22,2
3	Náms- og veikindaleyfi	56,3	44,6	34,6
	Aukaæiningar í fjölmönnum prestaköllum	8,5	6,7	8,5
	Einingar vegna niðurlagðra prestakalla	16,8	13,3	16,8
4	Rekstrarkostnaður presta og prófasta	186,2	147,5	133,0
5	Laun starfsfólks skv. kirkjujarðasamkomul. Rekstrarkostn. skrifstofu skv.	139,2	111,1	113,4
6	kirkjujarðasamkomul.	7,7	6,1	0,0
7	Framlög vegna hagræðingarkröfu ríkis			-131,0
	Samtals	1.826,7	1.447,8	1.447,8

Skýringar:

1. 124,7 prestar og prófastar á launum sem miðast við 9,7 m.kr. á ári.
2. 9 prófastar á launum.
3. Veikindaleyfi 34 mánuðir og námsleyfi 9 mánuðir.
4. Rekstrarkostnaður vegna presta og prófasta - með 3% hækkun frá 2013.
5. Samtals 12,6 stöðugildi á Biskupsstofu.
6. Gengið er út frá að rekstur Biskupsstofu verði á Kirkjumálasjóði, enda hefur kostnaðarhlutdeild í rekstri komið frá sjóðunum.
7. Framlag Jöfnunarsjóðs sókna 32 m.kr., framlag Kirkjumálasjóðs 39 m.kr., framlag Kirkjumálasjóðs vegna eignasölu 60 m.kr.

Hjá Kirkjumálasjóði eru greidd laun vegna 13,7 starfsmanna og þar er skrifstofukostnaður Biskupsstofu heimfærður.

5. SKÁLHOLT

- Tillögur að útleigu gisti- og veitingareksturs í Skálholti.

Kirkjuþing 2013 samþykkti, eins og áður hefur komið fram, eftirfarandi ályktun um skýrslu kirkjuráðs: „Kirkjuþing 2013 mælist til þess að skipuð verði sérstök stjórn yfir Skálholti sem starfar í umboði kirkjuráðs og horft sé til þess að ábyrgð og ákvarðanatáka færist í auknum mæli heim í hérað. Kirkjuþing hvetur til þess að fundnar verði nýjar leiðir varðandi rekstur staðarins.“

Enn fremur kom eftirfarandi fram í nefndaráliiti fjárhagsnefndar kirkjuþings:

„Að áfram verði leitað leiða til að styrkja fjárhagsgrundvöll Skálholts meðal annars með útleigu á gisti- og veitingarekstri, þar sem ákveðin tímabil eru ætluð til kirkjustarfs.“

Vígslubiskup ræddi um stöðu og framtíð Skálholts og lýsti afstöðu sinni til þeirra tillagna sem hafa verið til umræðu á kirkjuþingi og í kirkjuráði.

Verði gisti- og veitingarekstur Skálholts leigður út, til þriðja aðila, leggur vígslubiskup áherslu á að staðið verði við þær bókanir sem þegar eru bókaðar á árinu 2014.

Stefnt er að því að fyrir 15. janúar 2014 verði auglýst eftir áhugasömum aðilum um að taka að sér gisti- og veitingarekstur í Skálholti. Staðið verði við bókanir sem þegar hafa verið gerðar vegna næsta árs, bæði hvað varðar tímasetningar og verð.

6. VIÐRÆÐUNEFND KIRKJU OG RÍKIS UM KIRKJUJARÐASAMKOMULAGIÐ

Skipun fulltrúa þjóðkirkjunnar í viðræðunefnd um samkomulag um kirkjujarðir og launagreiðslur presta.

Kirkjuráð samþykkti að fresta málinu.

7. ÖNNUR MÁL

a) Messugjörðarskýrslur.

Lögð var fram til kynningar endurskoðuð messugjörðarskýrsla presta, en um er að ræða rafræna útgáfu skýrslunnar á þjónustuvef kirkjunnar.

b) Þjóðmálanefnd.

Málefni nefndarinnar verður á dagskrá á næsta fundi kirkjuráðs.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:45.

Næsti fundur kirkjuráðs verður 7. janúar 2014.

Agnes M. Sigurðardóttir,
biskup Íslands

Þorvaldur Víðisson
Biskupsritari